

# Lög og reglur #fvb#

## Lög Félags viðurkenndra bókara

### Lög Félags viðurkenndra bókara

#### Nafn og tilgangur

##### 1. gr

Nafn félagsins er: Félag viðurkenndra bókara, skammstafað fvb.

##### **1. gr. Tillaga að breytingu.**

**#Félagið heitir** Félag viðurkenndra bókara, skammstafað **fvb**.

**Enska starfsheiti viðurkenndra bókara er .....**

*(verður kosið um það undir önnur mál á dagskrá aðalfundar)*

- *Certified Book-keeper*
- *Certified accountant*
- *Accredited book-keeper*

##### 2. gr

Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

##### 3. gr

Félagsmenn eru þeir einir sem hafa hlotið viðurkenningu efnahags- og viðskiptaráðuneytis sem viðurkenndir bókarar og sem óska eftir aðild og fullnægja skilyrðum laga þessara.

##### **2. gr. Tillaga að breytingu.**

Félagsmenn eru þeir einir sem hafa hlotið viðurkenningu **#Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytis** sem viðurkenndir bókarar og sem óska eftir aðild og fullnægja skilyrðum **43.gr laga nr. 145/1994 um bókhald**.

##### 4. gr

Tilgangur félagsins er:

- Að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna.
- Að vinna að samræmingu á vinnubrögðum félagsmanna m.a. með útgáfu og birtingu á heimasíðu félagsins um leiðbeinandi reglur um bókhald, reikningskil og skattskil.

- Að vinna að bættri þjónustu félagsmanna við viðskiptavinum sína, opinbera aðila og aðra er byggja á störfum þeirra.
- Að vinna að kynningu á starfssviði félagsmanna.
- Að vera í forsvari fyrir félagsmenn sem heild á opinberum vettvangi.
- Að vera vettvangur fyrir gagnkvæm kynni félagsmanna.
- Að vinna að því að almennt aðhald sé með starfsemi og framkvæmd starfa félagsmanna.
- Að koma fram fyrir hönd viðurkenndra bókara gagnvart stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.

## 5. gr

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með reglulegum fundum félagsmanna, ályktunum og samþykktum, námskeiðahaldi fyrir félagsmenn og starfsmenn þeirra, eitt sér eða í samstarfi við aðra aðila, einnig með útgáfu fréttablaðs og annarra upplýsingarita og er birting á heimasíðu félagsins eða sending með tölvupósti jafngilt sem prentað, samantekt fræðslugagna sem varða störf félagsmanna, í samstarfi við hliðstæð félög innlend og erlend og með öðrum þeim hætti sem forsvarsmenn félagsins telja henta og við eiga hverju sinni.

### **5. gr. Tillaga að breytingu.**

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með reglulegum fundum félagsmanna, ályktunum og samþykktum. **Einnig með** námskeiðahaldi fyrir félagsmenn og starfsmenn þeirra, **sem félagið stendur sjálft fyrir eða í samstarfi við aðra.** **Jafnframt** með útgáfu fréttablaðs og annarra upplýsingarita og er birting á heimasíðu félagsins eða sending með tölvupósti jafngilt sem **prentuð.** **Að auki með** samantekt fræðslugagna sem varða störf félagsmanna, í samstarfi við hliðstæð félög innlend og erlend og með öðrum þeim hætti sem forsvarsmenn félagsins telja henta **og við eiga** hverju sinni.

## Félagsmenn

### 6. gr

Félagsmenn geta þeir orðið sem hafa réttindi sem viðurkenndir bókarar samkvæmt ákvæðum laga þar um nú laga nr. 145/1994 grein 43 og óska skriflega eftir aðild að félaginu við stjórn þess. Félagsaðild manna fellur niður ef viðurkenningin fellur niður samkvæmt ákvæðum laga um viðurkennda bókara, þeir segja sig skriflega úr félaginu, þeir uppfylla ekki endurmenntunarkröfur sbr. 21. gr., eða eru í skuld við félagið í 2 ár eða lengri tíma. Ef félagsmaður gerist að mati stjórnar Fvb sannur að alvarlegu broti í starfi gagnvart opinberum aðilum eða gagnvart viðskiptavinum sínum getur stjórnin vikið honum úr félaginu að undangenginni umfjöllum laga-, samskipta- og aganefndar sbr. 9. grein í samskipta- og agareglum félagsins.

## **6. gr. Tillaga að breytingu**

Félagsmenn geta þeir **## verið ##** sem hafa réttindi sem viðurkenndir bókarar samkvæmt ákvæðum **## 43.gr. laga nr. 145/1994##** og óska skriflega eftir aðild að félaginu við stjórn þess. Félagsaðild manna fellur niður ef viðurkenningin fellur niður samkvæmt ákvæðum laga um viðurkennda bókara, þeir segja sig skriflega úr félaginu, þeir uppfylla ekki endurmenntunarkröfur sbr. 21. gr., eða eru í skuld við félagið í 2 ár eða lengri tíma. Ef félagsmaður gerist að mati stjórnar fvb **##uppvís##** að alvarlegu broti í starfi gagnvart opinberum aðilum eða gagnvart viðskiptavinum sínum getur stjórnin vikið honum úr félaginu að undangenginni umfjöllum laga-, samskipta- og aganefndar sbr. 9. grein í samskipta- og agareglum félagsins.

## **7. gr**

Samskipta- og agareglur Fvb eru sjálfstæður hluti laga félagsins.

## **8. gr**

Ef einhver félagsmaður hefur unnið mikilvæg störf í þágu félagsins eða stéttarinnar í heild getur aðalfundur kjörið slíkan mann heiðursfélaga enda beri stjórn félagsins fram tillögu þar að lútandi.

## **9. gr**

Félagsmönnum ber að upplýsa stjórn félagsins um breytingar sem verða á lögheimili þeirra og heimilisfangi starfsstöðvar sem og netfangi. Skal stjórnin halda nákvæma félagaskrá. Við hverja útstrikun úr skránni skal geta dagsins þegar hún er gerð.

Sending fundarboða og annarra tilkynninga er gild ef þær eru sendar á heimilisfang þeirrar starfsstöðvar sem hann hefur tilkynnt eða netfang.

## **10. gr**

Um réttindi og skyldur félagsmanna fer eftir ákvæðum þessara laga.

## Stjórn

### 11. gr

Stjórn félagsins skal skipuð 5 félagsmönnum og 2 félagsmönnum til vara.

Formaður skal kosinn til eins árs í senn.

Ef fleiri en tveir fá atkvæði í formannskjöri en enginn þeirra helming greiddra atkvæða, skal kosið að nýju milli þeirra tveggja er flest atkvæði hlutu í fyrri kosningu.

Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára í senn, tveir ár hvert.

Varamenn skulu kosnir til tveggja ára, einn á hverju ári.

Óheimilt er að kjósa sama mann til formanns oftari en þrisvar í röð.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, varaformaður, gjaldkeri, bókarari og ritari.

Stjórnarmenn fá frí félagsgjöld og frítt á námskeið á aðalfundardegi á meðan þeir eru í stjórn. Að auki fá stjórnarmenn endurmenntunareiningar fyrir setu sína í stjórninni sem skulu reiknaðir sem hér segir:

Formaður 45 einingar

Aðrir stjórnarmenn 30 einingar hver

Kjósa skal einn skoðunarmann reikninga og annan til vara til eins árs í senn og fá þeir 7,5 endurmenntunareiningar í þóknun fyrir störf sín.

Skemmtinefnd Fvb er skipuð 3 félagsmönnum. Skemmtinefndin er kosin til eins árs í senn og fá nefndarmenn 7,5 endurmenntunareiningar í þóknun fyrir störf sín.

### **11. gr. Tillaga að breytingu - Stjórn og nefndir**

Stjórn félagsins skal skipuð 5 félagsmönnum og 2 félagsmönnum til vara.

Formaður skal kosinn til eins árs í senn, **óheimilt er að kjósa sama formann oftari en þrisvar í röð.**

**##Varaformaður skal kosin til eins árs í senn, þrjú meðstjórnendur eru kosnir til tveggja ára. Kosning varaformanns skal fara fram á aðalfundi.**

Ef fleiri en tveir fá atkvæði í formannskjöri en enginn þeirra helming greiddra atkvæða, skal kosið að nýju milli þeirra tveggja er flest atkvæði hlutu í fyrri kosningu.

**Varamenn skulu kosnir til tveggja ára, einn á hverju ári.##**

**##Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, # ritari, gjaldkeri og bókarari. #**

**Laga- samskipta og aganefnd er skipuð 3 félagsmönnum og tveim til vara. Til eins árs í senn.**

Kjósa skal #tvo# skoðunarmenn reikninga og einn til vara til eins árs í senn

Skemmtinefnd fvb er skipuð 3 félagsmönnum. Skemmtinefndin er kosin til eins árs í senn

Sérstök nefnd, Fræðslunefnd skal hafa umsjón með endurmenntun félagsins m.a. með námskeiðum og ráðstefnum fyrir félagsmenn samkvæmt verklagsreglum sem stjórnin setur. Skal einn stjórnarmaður vera tengiliður stjórnar og fræðslunefndar.

Fimm nefndarmenn skulu vera í nefndinni, þar af einn formaður. Nefndarmaður skal sitja í a.m.k. 2 ár og kosið um 2 annað árið og 3 hitt.

Tveir varamenn eru í fræðslunefnd og annar þeirra kosinn á hverju ári.

Fræðslunefnd félagsins þarf ekki að greiða þátttökugjöld á námskeiðum.

Skrifstofustjóri er á launum hjá félaginu og sér um daglegan rekstur félagsins ásamt þeim störfum sem stjórn ákveður hverju sinni, samkvæmt verklagsreglum. Ákvörðun varðandi starfshlutfall og laun er hjá stjórn.

Stjórnar- og nefndarmenn fá greidd laun fyrir fundarsetu, varamenn stjórnar og nefnda fá ekki greitt nema þeir séu kallaðir inn til starfa.

Laun fyrir fundarsetu stjórnar- og nefndarmanna séu þau sömu og hjá skrifstofustjóra.

	Fjöldi manns	Fundir pr. starfsár		Tími
Stjórn	5	10	50	2
Fræðslunefnd	5	9	45	2
Laganefnd	3	4	12	2
Skemmtinefnd	3	2	6	2
Skoðunarmaður	2	1	2	1

Að hámarki er greitt fyrir starfsárið:

10 fundi hjá stjórnarmönnum

9 fundi hjá fræðslunefnd

4 fundi hjá laganefnd

2 fundi hjá skemmtinefnd

1 fund hjá skoðunarmönnum

Formenn allra nefnda senda inn skýrslu vegna fundarsetu nefndarmanna á hverju sex mánaða tímabili og eru laun greidd samkvæmt því.

**Formaður stjórnar fær frítt á námskeið félagsins.**

**12. gr**

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin skal í hvívetna gæta hagsmuna félagsins í störfum sínum.

Stjórnin skal setja verklagsreglur fyrir stjórn og nefndir.

Stjórnin skal hafa heimild til að skipa nefndir til lengri eða skemmri tíma.

**Fundir og fundarseta**

**13. gr**

Formaður kveður stjórnina til funda þegar hann telur þess þörf eða einn meðstjórnenda óskar þess.

**13. gr. Tillaga að breytingu**

**Formaður #boðar stjórnarfundi. Ef einn eða fleiri meðstjórnendur óska eftir fundi, skal formaður verða við því.#**

**14. gr**

Til félagsfunda skal stjórnin boða með bréfi eða tölvupósti til hvers og einstaks félagsmanns með minnst 7 daga fyrirvara. Í fundarboði skal stuttlega geta þeirra mála er fjallað skal um á fundinum.

Fimmti hluti félagsmanna hið fæsta hefur rétt til að krefjast félagsfundar. Skal það gert skriflega og greina frá fundarefni. Skal stjórninni skylt að boða til fundarins með venjulegum hætti sem haldinn skal innan 21 dags frá því að henni barst krafa þar um og geta skal fundarefnis í fundarboði.

**14. gr. Tillaga að breytingu**

Til félagsfunda skal stjórnin boða með bréfi eða tölvupósti til **## félagsmanna#** með minnst 7 daga fyrirvara. Í fundarboði skal stuttlega geta þeirra mála er fjallað skal um á fundinum.

**#Tuttugu prósent# félagsmanna að lágmarki** hefur rétt til að krefjast félagsfundar. Skal það gert skriflega og greina frá fundarefni. **#Stjórninni er# skylt** að boða til fundarins með venjulegum hætti sem haldinn skal innan 21 dags frá því að henni barst krafa þar um og geta skal fundarefnis í fundarboði.

### 15. gr

Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en í nóvember ár hvert. Skal boðað til hans bréflega eða með tölvupósti með 2 vikna fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Atkvæðisrétt hafa þeir félagsmenn sem greitt hafa félagsgjald yfirstandandi árs og eru skuldlausir við félagið.

Aðalfundi stýrir fundarstjóri sem kosinn er til þess af fundarmönnum og tilnefnir hann fundaritarara. Hann rannsakar í fundarbyrjun hvort löglega hafi verið til fundarins boðað og lýsir því síðan hvort svo sé.

Fundarstjóri skal stjórna fundinum samkvæmt lögum félagsins og almennum reglum um fundarsköp.

Dagskrá fundarins skal vera:

1. Kosning fundarstjóra
2. Kosning fundarritara og tveggja atkvæðateljara
3. Skýrsla stjórnar og umræður
4. Skýrslur nefnda og umræður
5. Lagður fram ársreikningur til samþykktar, umræður
6. Tillögur til breytinga á lögum félagsins ef um þær er að ræða
7. Kosning formanns
8. Kosning meðstjórnenda
9. Kosning varamanna í stjórn
10. Kosning skoðunarmanns reikninga og annars til vara
11. Kosning nefnda
  - a. Fræðslunefnd og varamenn
  - b. Laga-, samskipta- og aganefnd (LSA) og varamenn
  - c. Skemmtinefnd
12. Tillaga stjórnar um félagsgjald félagsmanna og inntökugjald næsta reikningsár
13. Lögð fram fjárhagsáætlun
14. Önnur mál

Atkvæðagreiðslur fara fram eftir því sem fundarstjóri kveður nánar á um. Þó skal skrifleg atkvæðagreiðsla fara fram ef einhver fundarmanna krefst þess.

### **15. gr. Tillaga að breytingu**

Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en í nóvember ár hvert. Skal boðað til hans bréflaga eða með tölvupósti með **#minnst#** 2 vikna fyrirvara. Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað. Atkvæðisrétt hafa þeir félagsmenn sem greitt hafa félagsgjald yfirstandandi árs og eru skuldlausir við félagið.

Aðalfundi stýrir fundarstjóri sem kosinn er til þess af fundarmönnum og tilnefnir hann fundaritarara. Hann **#kannar lögmæti fundarins#** í fundarbyrjun, hvort löglega hafi verið til fundarins boðað og lýsir því síðan hvort svo sé.

Fundarstjóri skal stjórna fundinum samkvæmt lögum félagsins og almennum reglum um fundarsköp.

Dagskrá fundarins skal vera:

1. Kosning fundarstjóra
2. **#Tilnefning#** fundarritara og tveggja atkvæðateljara
- 3. Skýrsla #formanns og # stjórnar, umræður um hana og borin upp til samþykktar.#**  
**#4#. #Gjaldkeri leggur fram og skýrir ársreikning félagsins, umræður um hann og borinn upp til samþykktar.#**

### **#5#. Skýrslur nefnda og umræður #um þær.#**

#### **6. #Lagabreytingar.#**

7. Kosning formanns og varaformanns.
8. Kosning meðstjórnenda
9. Kosning varamanna í stjórn
10. Kosning skoðunarmanna reikninga og eins til vara
11. Kosning nefnda
  - a. Fræðslunefnd og varamenn
  - b. Laga-, samskipta- og aganefnd (LSA) og varamenn
  - c. Skemmtinefnd

#### **12.. Lögð fram fjárhagsáætlun #næsta starfsárs.#**

#### **13. Tillaga stjórnar um félagsgjald # og inntökugjald næsta reikningsár.**

14. Önnur mál

Atkvæðagreiðslur fara fram eftir því sem fundarstjóri kveður nánar á um. Þó skal skrifleg atkvæðagreiðsla fara fram ef einhver fundarmanna krefst þess.

### **16. gr**

Á fundum félagsins ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.



### 17. gr

Haldin skal gerðarbók þar sem í skal rita stutta skýrslu um það sem gerist á félagsfundum, einkum allar fundarsamþykktir. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, er farið hefur fram á fundinum.

Í gerðarbók skal einnig skrá skýrslu um stjórnarfundir með sama hætti og undirrita hana allir viðstaddir stjórnarmenn. Gerðabók getur einnig verið í tölvutæku formi og er staðfesting á fundargerð síðasta fundar getið í upphafi næsta fundar. Fundargerð aðalfundar staðfestist með tilkynningu til félagsmanna eftir að hún hefur verið birt og athugasemdir bókaðar.

## Fjármál

### 18. gr

Félag viðurkenndra bókara er ekki rekið í hagnaðarskyni, heldur skal nota allar eignir og tekjur þess til að vinna að markmiði þess. Fjárhagur félagsins er óháður fjárhag einstakra félagsmanna. Enginn félagsmaður á hlutdeild í eignum félagsins, né er nokkur þeirra ábyrgur fyrir greiðslu skuldbindinga þess.

Ef til skattlagningar kemur, er félagið sjálfstæður skattaðili.

### 19. gr

Reikningsár félagsins er frá 1. október til 30. september.

Á aðalfundi skal stjórn leggja fyrir fjárhagsáætlun næsta árs til kynningar.

#### **19. gr. Tillaga að breytingu**

Reikningsár félagsins er frá 1. október til 30. september.

Á aðalfundi skal stjórn leggja fyrir fjárhagsáætlun næsta **#starfsárs#** til kynningar.

### 20. gr

Aðalfundur ákveður félagsgjald félagsmanna og inntökugjald fyrir hvert ár fyrirfram. Skal stjórnin leggja fram tillögur þar að lútandi.

Stjórn félagsins er heimilt að fella niður félagsgjald, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Sé félagsmaður í skuld við félagið í 2 ár eða lengur er stjórninni heimilt að fella hann af félagaskrá sbr. 6.gr. Gjaldþagi félagsgjalda er 1. mars og eindagi 30. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjaldþaga ef ekki er greitt fyrir eindaga. Á þetta einnig við ef um aðar skuldir félagsmanna er að ræða. Félagsréttindi öðlast hann á ný, er hann hefur greitt skuld sína við félagið.

Hafi félagmaður hætt störfum sökum aldurs eða veikinda getur hann eftir sem áður haldið félagsaðild sinni án þess að greiða félagsgjald og þarf ekki að sinna endurmenntunarkröfum félagsins sbr. 21. grein.

Félagsmaður sem fer úr félaginu hvort heldur vegna úrsagnar eða af öðrum ástæðum á hvorki endurkröfurétt til greiddra félagsgjalda né inntökugjalda.

Hafi vinnuveitandi félagsmanns samþykkt að greiða félagsgjöld og/eða námskeiðsgjöld hans er félagmaður eftir sem áður ábyrgur fyrir greiðslu á þeim.

### **20. gr. Tillaga að breytingu.**

Aðalfundur ákveður félagsgjald félagsmanna og inntökugjald fyrir hvert ár fyrirfram.

**#-#.** Stjórn félagsins er heimilt að fella niður félagsgjald, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Sé félagmaður í skuld við félagið í 2 ár eða lengur er stjórninni heimilt að fella hann af félagaskrá sbr. 6.gr.

### **Gjaldagi félagsgjalda verði 1. okt og 1. apríl ár hvert og eindagi 30 dögum síðar.**

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt fyrir eindaga. Á þetta einnig við ef um aðrar skuldir félagsmanna er að ræða. Félagsréttindi öðlast **#félagmaður#** á ný, er hann hefur greitt skuld sína við félagið **#og greiðir hann inntökugjald við skráningu á ný. Nýjir félagsmenn greiða félagsgjöld frá þeim tíma sem þeir ganga í félagið.**

Hafi félagmaður hætt störfum sökum aldurs eða veikinda getur hann eftir sem áður haldið félagsaðild sinni án þess að greiða félagsgjald og þarf ekki að sinna endurmenntunarkröfum félagsins sbr. 21. grein.

Félagsmaður sem fer úr félaginu hvort heldur vegna úrsagnar eða af öðrum ástæðum á hvorki endurkröfurétt til greiddra félagsgjalda né inntökugjalda.

Hafi vinnuveitandi félagsmanns samþykkt að greiða félagsgjöld og/eða námskeiðsgjöld hans er félagmaður eftir sem áður ábyrgur fyrir greiðslu á þeim.

### **#Óski félagmaður eftir inngöngu í félagið á ný, greiðir hann inntökugjald á ný.**

## **Endurmenntun félagsmanna**

### **21. gr**

Félagsmaður skal á hverju 3ja ára tímabili sækja endurmenntun sem félagið viðurkennir, sem svarar til 45 eininga, sbr. 2. mgr. Heimilt er að víkja frá þessu ef sérstaklega stendur á s.s veikindi.

Einingar skulu reiknaðar sem hér segir:

Fundir og námskeið á vegum Fvb eða önnur námskeið sem félagið viðurkennir

Hálfdags námskeið eða ráðstefna ..... 7,5 einingar  
Heilsdags námskeið eða ráðstefna ..... 15,0 einingar  
Önnur fagnámskeið og fræðslufundir ..... 1,5 eining pr klst

## 22. gr

Félagsmaður skal skrá þátttöku sína í námskeiðum eða fyrirlestrum sem eru haldin utan félagsins á eyðublöð sem Fvb útbýr til notkunar við framkvæmd lagagreina þessara og ber að skila því ásamt staðfestingu á þátttöku sinni til Fvb fyrir 31. janúar ár hvert. Félagið heldur skrá yfir einingafjölda hvers félagsmanns og tilkynnir viðkomandi félagsmanni ef hann uppfyllir ekki ákvæði 21.gr. um endurmenntun. Félagið sjálft ber ekki kostnað vegna endurmenntunar félagsmanna.

## 23. gr

Óski félagsmaður eftir áframhaldandi veru í félaginu skal hann sýna fram á að hann hafi sinnt endurmenntun sbr. 21. og 22. gr. Séu ákvæði 21. og 22. gr. ekki uppfyllt fellur hann af félagaskrá.

### **23. gr. Tillaga um breytingu**

#### **#23gr verði brottfelld í heilu lagi úr lögum.**

## 24. gr

Sérstök nefnd skal hafa umsjón með endurmenntun félagsins m.a. með námskeiðum og ráðstefnum fyrir félagsmenn samkvæmt verklagsreglum sem stjórnin setur. Skal einn stjórnarmaður vera tengiliður stjórnar og fræðslunefndar.

Fimm nefndarmenn skulu vera í nefndinni, þar af einn formaður. Nefndarmaður skal sitja í a.m.k. 2 ár og kosið um 2 annað árið og 3 hitt.

Tveir varamenn eru í fræðslunefnd og annar þeirra kosinn á hverju ári.

Fræðslunefnd félagsins þarf ekki að greiða þátttökugjöld á námskeiðum, enda er það starf þeirra að vera á þeim námskeiðum sem þeir eru með.

Að auki fá nefndarmenn 15 endurmenntunareiningar hver fyrir setu sína í nefndinni.

### **24. gr. Tillaga að breytingu**

#### **Fer undir 11 gr.#**

## Breytingar á lögum

## 25. gr

Tillaga um breytingar á lögum félagsins eða um félagslit skal ítarlega getið í fundarboði og skulu þær bornar fram á aðalfundi. Öðlast þær tillögur aðeins gildi ef 2/3 hluta greiddra atkvæða eru með þeim.

### **25. gr. Tillaga að breytingu**

#### **Breytist í #23.gr.#**

Var Samþykkt á aðalfundi 6.nóvember 2009.

### **Reykjavík, 31.10.2013**

Breytingatillögur eru sendar til allra félagsmanna, rafrænt með aðalfundarboði tveim vikum fyrir aðalfund til kynninga.

Fyrir hönd Stjórnar, laga- og aganefndar

*Júlía Björg Sigurbergsdóttir*

*Halldóra Björk Jónsdóttir*

*Magdalena Lára Gestsdóttir*

*Nanna G. Waage Marínósdóttir*

*Dagmar Elín Sigurðardóttir*